

## SAMÞYKKT

### fyrir Veiðifélagið Hvitá.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Hvitá. Heimili þess og varnarþing er þar, sem formaður er búsettur.

#### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hvitá í Borgarfirði, frá ósi hennar í sjó upp að félagssvæði Veiðifélags Hvitár og Norðlingafljóts.

Eftirtaldir jarðir eru aðilar að félaginu: Einarsnes, Bóndhóll, Holt, Beigaldi, Brennistaðir, Ölvaldsstaðir I, Ölvaldsstaðir II, Ölvaldsstaðir IV, Ferjukot, Hvanneyri, Ferjubakki I, Ferjubakki II, Ferjubakki III, Hvitárvellir I, Hvitárvellir II, Þingsnes I, Þingsnes II, Árbakki, Hofstaðir, Tómasarhagi, Hvitárbakki I, Hvitárbakki II, Vindheimar, Stafholt, Melkot, Flóðatangi, Svarfhóll, Laugarholt, Langholt, Neðranes, Kaðalstaðir I, Kaðalstaðir II, Stafholtsey I, Stafholtsey II, Hamraendar.

#### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda og auka góða fiskirækt á félagssvæðinu og ráðstafa veiði hverju sinni. Til þess að slík framkvæmd nái fram að ganga, þurfa  $\frac{2}{3}$  félagsmanna að samþykkja hana. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Gangu þeir úr stjórninni á vixl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst sú röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur ár hvert.

#### 5. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin fer með öll mál, er félagið varða, milli aðalfunda, sér um fjárreiður þess og framkvæmdir.

#### 6. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega í maí—júni. Um boðun og atkvæðisrétt fer eftir lögum um lax- og silungsveiði. Á aðalfundi skýrir stjórn frá framkvæmdum síðastliðins árs og leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Þar skal ræða og gera ályktanir um framtíðarstarf félagsins og annað, er það varðar.

#### 7. gr.

Kostnaði af starfsemi félagsins skal jafna niður eftir arðskrá, er félagið lætur semja og hlotið hefur staðfestingu. Standi félagsmaður ekki skil á greiðslum til félagsins innan árs frá gjalddaga, skal borið undir aðalfund, hvort neyta skuli lögtaksréttar.

#### 8. gr.

Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það, enda sé þess getið í fundarboði, að um slíka breytingu sé að ræða.

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkv. lögum um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1973.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um vistun lyfjafræðistúdenta til verklegs náms.**

## 1. gr.

Fyrir 1. mars ár hvert skal prófessor sá, sem veitir lyfjafræði lyfsala forstöðu (aðalkennari), gefa menntamálaráðuneyti og rektor Háskóla Íslands upplýsingar um þann fjölda nýstúdenta, sem hægt er að veita viðtöku. Við greinda upplýsingagjörð hafi aðalkennari samráð við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Apótekarafélag Íslands sbr. 3. gr.

## 2. gr.

Eigi síðar en í febrúar ár hvert skal aðalkennari tilkynna Apótekarafélagi Íslands um þann fjölda nýstúdenta, sem væntanlega þarf að vista á komandi sumri.

## 3. gr.

Fyrir 1. júní ár hvert skal aðalkennari ákveða í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Apótekarafélag Íslands hvaða lyfjabúðir hafa skyldu eða rétt til þess að taka við stúdent til námsdvalar. Skal við þá ákvörðun taka tillit til búnaðar og mannafla lyfjabúðar.

Ráðuneytið getur einnig heimilað, að aðrir en lyfjabúðir taki við stúdentum til námsdvalar, enda uppfylli þeir aðilar tiltekna skyldur um búnað og mannafla.

## 4. gr.

Hafi aðalkennari gert náms- og vistunarsamning við lyfsala um vistun stúdents, er stúdentinn skyldur til að þiggja þá vistun og skal að því stefnt, ef ástæður leyfa, að stúdentinn hljóti a.m.k. hluta þjálfunar sinnar í lyfjabúð utan Reykjavíkursvæðisins.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 34. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. nóvember 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson*